

Skýrsla stjórnar 5. febrúar 2014

Þetta hverfisráð tók til starfa 12. desember 2013. Haldnir voru 9 fundir á árinu. Fundargerðir eru allar á netinu og má nálgast þær á akureyri.is. Nokkrum málum hefur verið fylgt eftir af festu og eru þau mál á réttri leið.

#### Læknamál.

Okkur var lofað lækni 1x í mánuði og hjúkrunarfræðingi 1x í mánuði. Bærinn stóð við sitt og lagði til húsnæði endurgjaldslaust. Staðan í dag það hefur komið hjúkrunarfræðingur 4 sinnum síðast þegar hún kom fór það frekar leynt erum búin að fyrirbyggja að slíkt gerist aftur. Læknir hefur enn ekki komið og hefur ekki fengist opinber skýring á því og hefur Sveini Magnússyni, skrifstofustjóri í velferðarráð, verið falið að fylgja því eftir.

Þess má geta að öllum íbúum stendur til boða að hitta hjúkrunarfræðinginn. Næstu heimsóknir hennar verða 11. febrúar og 11. mars.

#### Atvinnumál.

Bærinn bauð 60% starf við símsvörun til Hríseyjar. Hverfisráð lagði til að það starf færi til Júlla búðar til að styrkja þá starfsemi. Nú standa yfir samningar milli aðila um þetta starf. Nú við höfum fengið Hrein Þór Hauksson til liðs við okkur en hann er verkefnisstjóri atvinnumála hjá AK bæ. Á byrjunarstigi eru viðræður og vinna ásamt fulltrúa frá búsetudeild að koma starfsemi í Hlein og finna leiðir til að húsnæðið nýtist í atvinnustarfsemi.

#### Árskógssandur.

Búið er að ákveða að tröppur verði gerðar í sumar á sandinum upp bakkann frá bílastæðum í skemmur og er það Dalvíkurbyggð og hugsanlega Vegagerðin sem að því standa. Einnig er komin hreyfing á að sömu aðilar komi upp aðstöðuhúsi á sandi fyrir farþega ferju.

### Lagfæring á Austurvegi.

Búið er að ákveða að á árinu 2014 fari 19 milljónir í Austurveg og á árinu 2015 fari 37 milljónir í Austurveg.

### Sjúkraflutningar.

Þessi mál hafa verið í ólestri síðan elstu menn muna en síðasta ár hefur verið notað til að vinna í þessu, nú er farið að sjást til lands í þessu og hefum við fulla trú á að því að þetta verði klárað á þessu ári, en það snýrað slökkviliði, björgunarsveit og ferju.

Flutningsmál sjúkra innan eyjar og til ferju eru líka leyst en nota á Norðurorku bíl sem er lokaður sendibíll til verksins. Formaður björgunarsveitarinnar og slökkviliðsstjóri, vara slökkviliðsstjóri og varðstjóri í slökkviliðinu í Hrísey hafa verið látnir vita af þessu.

### Motorhjólabraut.

Sótt var um til bæjar svæði NV úr Saltnesi til að fólk gæti leikið sér á motorkrosshjólum og var veitt leyfi til þess arna í 2 ár.

### Brothættar byggðir.

Við sóttumst eftir því að fá að vera með í verkefni Byggðastofunnar um brothættum byggðum en var hafnað á þeim forsendum að a) við erum á vaxtasvæði og b) við erum partur af öflugum bæjarfélagi. C) að fyrirtæki sem stunda veiðar og verkun í eyjunni standa of vel. Í framhaldi af þessari höfnun fengum við Þórodd frá byggðastofnun, Bæjarstjóra, Geir og Þorvald Lúðvík á fund til að skýra okkar mál og var okkur sagt að ef settir yrðu peningar í brothættar byggðir á fjárlögum fyrir 2013 þá værum við þar inni en það væri á hendi stjórnvalda. Á fundi með þingmönnum NA lögðum við áherslu á þetta, að Hrísey væri brothætt byggð og bindum við vonir við að í fjárukalögum verði peningar settir til byggðastofnunar í verkefnið um brothættar byggðir.

## Samgöngur.

Í sept 2013 sameinuðust hverfisráð Hríseyjar og Grímseyjar og sendu erindi til Eyþings varðandi rútusamgöngur á Sand og Dalvík. Rútuferðir eru ekki á Sandinn og tímaáætlanir stangast á við ferjuferðir til Hríseyjar og Grímseyjar. Þrátt fyrir marga tölvupósta og enn fleiri hringingar þá hefur ekki heyrst hósti né stuna úr herbúðum Eyþings.

Sævar í Slipp. Unnið er að því hörðum höndum að skifta út þessum bát fyrir annan (vonandi betri) og verður það framkvæmt um leið og haffæri fæst á þann bát en hann er víst vistlegri helmingi stærri og hlýrri. Ef fólk vill frekari upplýsingar um þetta mál er velkomið að tala við Smára og Pétur um þetta eftir fundinn.

## Önnur mál.

Hreinsunardagur var haldinn í maí eins og undanfarin ár. Vegna mikilla snjóá var lítið farið upp á ey. Töluvert er af brotnum trjám eftir síðasta vetur víða um eyjana en þörf er á stórvirkum tækjum og vinnuflokki í verkið.

Ráðið ályktaði um fuglafriðun í eyjuninni og óskaði eftir að fuglatalningu yrði á næsta ári eins og verið hefur á tíu ára fresti síðan 1994. Ráðið ályktaði jafnframt um að úthlutun byggðakvóta yrði óbreytt.

Við í hverfisráð teljum okkur vera að vinna af heilyndum fyrir Hrísey og Hríseyinga. Oft mætum við svartsýni og ósanngirni í gagnrýni. Það er auðvelt að nálgast okkur og koma á framfæri skoðunum ykkar og við viljum vera í samvinnu ykkur. Öll erum við með síma sem hægt er að hringja í ef eitthvað er óljóst eða koma í kaffi og spjalla.